

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 22. mars 2024

Mál nr. 244/2023:

A

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

B

(Páll Kristjánsson lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Ærumeiðingar. Tjáningarfrelsi. Friðhelgi einkalífs. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Stjórnarskrá.

Útdráttur

A höfðaði mál gegn B og krafðist ómerkingar tiltekinna ummæla sem B viðhafði í einkaskilaboðum gegnum Instagram til C og ummæla sem komu fram í nafnlausri færslu í Facebook-hópi. Þá krafðist A þess að B yrði gert að fjarlægja ummælin úr Facebook-hópnum. Loks krafðist A miskabóta úr hendi B og að B yrði gerð refsing vegna ummælanna. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var með vísan til forsendna í Landsrétti, kom fram að efni einkaskilaboðanna væri tvímælalaust til þess fallið að skaða æru A og stæði það ekki í vegi þess að þau hefðu verið viðhöfð í einkaskilaboðum. Héraðsdómur rakti að upplýsingar þær sem B taldi sig búa yfir byggði hún á frásögn bróður síns og hans upplifun, sem hann staðfesti fyrir dómi. Væri því ekki hægt að telja B hafa verið í vondri trú um sannleiksgildi ummælanna, sem hún hefði ekki sett fram að tilefnislausu heldur í réttmætum tilgangi í einkaskilaboðum ætluðum viðtakanda einum. Þegar þetta væri virt í heild sinni yrði ekki talið að nauðsyn bæri til þess í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka tjáningu B eftir á með þeim hætti sem krafist væri. Sýknaði héraðsdómur B því af kröfu A um ómerkingu ummæla í einkaskilaboðunum. Að fenginni þeirri niðurstöðu væri hvorki grundvöllur til að dæma A miskabætur vegna ólögmetrar meingerðar né til að dæma B til refsingar. Var B því sýknuð af þeim kröfum A vegna einkaskilaboðanna. Varðandi nafnlausu færsluna í Facebook-hópi, sem væri sama efni og einkaskilaboðin á Instagram, vísaði héraðsdómur til þess að A hefði ekki tekist að sanna að B bæri ábyrgð á henni, enda hefði hún ekki ein haft vitneskju um þau atvik sem B lýsti í einkaskilaboðunum á Instagram. Hallann af þeim sönnunarskorti yrði A að bera. Var B því einnig sýknuð af öllum kröfum A tengdum færslunni á Facebook.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 3. apríl 2023. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2023 í málinu nr. E-[...]/2022.
- 2 Aðaláfrýjandi krefst þess að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

Ummæli gagnáfrýjanda í skilaboðum á Instagram til C 28. ágúst 2021:

1. „Mig langar samt að senda á þig til að láta þig vita að þessi maður er nauðgari. Hann hefur nauðgað manneskju sem er nánin mér þegar sú manneskja var 8 ára.“
2. „Ég veit að hann hefur líka sótt í það að vinna í kringum börn og hefur allaveganna verið í 3 barnagæslum en verið rekinn/látinn fara af þeim öllum miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið.“
3. „Ég veit að ef ég væri með manni sem væri með barnagirnd eða nauðgari að þá myndi ég vilja vita af því.“

Ummæli gagnáfrýjanda í færslu á Facebook-hópnum „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ 22. janúar 2022:

1. „Ég er búin að halda inni mér núna í smá tíma að setja þetta nafn hingað inn en ég eiginlega bara verð að gera það uppá að engin önnur börn lenda í honum.“
2. „Ástæðan fyrir því að ég hef viljað setja nafnið hans hingað inn er því ég veit að hann hefur verið að sækjast um að vinna með börnum. Ég veit að hann unnið á leikskóla, frístund eftir skóla og [...]. Hvert skipti sem hann er rekinn/látinn fara af einum staðnum þá sækir hann um á næsta sem er með börnum á.“
3. „Að vita til þess að hann sækjist eftir að vinna með börnum svona mörgum árum seinna, og það þá vinna sem felur í sér meðal annars að skeina og skipta á börnum, er eitthvað sem er mjög erfitt að vita af án þess að geta va[r]jað aðra við.“
4. „Hann var 12 ára þegar hann nauðgaði 8 ára barni. Það var ekki kært þar sem þetta kom upp 10 árum seinna. Barnavernd vill helst ekki skipta sér af þegar hann vinnur í kringum börn því það er engin kæra.“

Aðaláfrýjandi krefst þess að gagnáfrýjanda verði gert skylt að fjarlægja framangreind ummæli sín á Facebook-hópnum „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 krónur á dag frá dómsuppsögu uns ummælin hafa verið fjarlægð.

Þá krefst aðaláfrýjandi þess að gagnáfrýjandi verði dæmd til að greiða aðaláfrýjanda miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur eða lægri fjárhæð að mati dómsins, með

dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. mars 2022 til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að gagnáfrýjanda verði gerð hæfileg refsing vegna framangreindra ummæla samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar.

- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 5. maí 2023. Hún krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda en til vara krefst hún lækkunar á miskabótakröfu hans. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þar með talin niðurstaða hans um málskostnað.
- 5 Aðaláfrýjanda verður gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, A, greiði gagnáfrýjanda, B, 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2023

1. Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 2023, er höfðað 5. apríl 2022 af A, [...], gegn B, [...].
2. Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur í stafliðum A-E:
 - A. Krafa um ómerkingu ummæla.

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefndu, sem birtust með eftirgreindum hætti, verði dæmd dauð og ómerk:

1. Með skilaboðum stefndu gegnum Instagram til C 28. ágúst 2021:

„Mig langar samt að senda á þig til að láta þig vita að þessi maður er nauðgari. Hann hefur nauðgað manneskju sem er náin mér þegar sú manneskja var 8 ára“.

„Ég veit að hann hefur líka sótt í það að vinna í kringum börn og hefur allveganna verið í 3 barnagæslum en verið rekinn/látinn fara af þeim öllum miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið.“

„Ég veit að ef ég væri með manni sem væri með barnagirnd eða nauðgari að þá myndi ég vilja vita af því.“

2. Með færslu á Facebook-hópnum „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ 22. janúar 2022:

„Ég er búin að halda inni mér núna í smá tíma að setja þetta nafn hingað inn en ég eiginlega bara verð að gera það uppá að engin önnur börn lenda í honum.“

„Ástæðan fyrir því að ég hef viljað setja nafnið hans hingað inn er því ég veit að hann hefur verið að sækjast um að vinna með börnum. Ég veit að hann unnið á leikskóla, frístund eftir skóla og [...]. Hvert skipti sem hann er rekinn/látinn fara af einum staðnum þá sækir hann um á næsta sem er með börnum á“.

„Að vita til þess að hann sækjist eftir að vinna með börnum svona mörgum árum seinna, og það þá vinna sem felur í sér meðal annars að skeina og skipta á börnum, er eitthvað sem er mjög erfitt að vita af án þess að geta vatað aðra við.“

„Hann var 12 ára þegar hann nauðgáði 8 ára barni. Það var ekki kært þar sem þetta kom upp 10 árum seinna. Barnavernd vill helst ekki skipta sér af þegar hann vinnur í kringum börn því það er engin kæra“.

B. Krafa um að fjarlægja ummæli.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert skylt að fjarlægja ummæli sín af Facebook-vefsíðunni „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“, sem þar birtust 22. janúar 2022, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 kr. á dag frá dómsuppsögu uns ummælin hafi verið fjarlægð.

C. Krafa um miskabætur.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur eða lægri fjárhæð að mati dómsins, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. mars 2022 og til greiðsludags.

D. Krafa um refsingu.

Þess er krafist að stefndu verði gerð hæfileg refsing vegna framangreindra ummæla samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í öllum tilvikum er málskostnaðar krafist, auk virðisaukaskatts.

3. Stefnda krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að krafa um miskabætur verði lækkuð verulega og að refsing verði felld niður. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar, auk virðisaukaskatts.

Helstu málsatvik

4. Óumdeilt er í málinu að stefnda sendi 28. ágúst 2021 unnustu stefnanda skilaboð í gegnum samfélagsmiðilinn Instagram. Kvaðst hún hafa ætlað í nokkurn tíma að hringja í unnustuna, samband hennar og stefnanda kæmi stefndu ekki við en hún teldi rétt að upplýsa unnustuna um að stefnandi væri nauðgari. Í skilaboðunum voru viðhöfð þau orð sem krafist er ómerkingar á í dómkröfu undir liðnum A.1 og sagði svo í skilaboðunum að stefnda væri ekki að senda þau til að eyðileggja eitthvað fyrir unnustu stefnanda eða vera leiðinleg en stefnda vildi að hún vissi hvernig maður stefnandi væri, vonaði að hún tæki því ekki illa og yrði ekki pirruð út í stefndu fyrir að láta vita af þessu.
5. Á samfélagsmiðlinum Facebook er að finna hópinn „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ og í janúar 2022 birtist þar innlegg frá „Group member“ þar sem finna má ummæli þau sem stefnandi krefst ómerkingar á í dómkröfu undir liðnum A.2.
6. Af hálfu stefnanda var stefndu sent bréf, dags. 3. febrúar 2022, þar sem staðhæft var að stefnda hefði staðið fyrir ummælunum á Facebook, auk skilaboðanna á Instagram. Var stefndu gefinn kostur á að draga ummælin til baka á sama vettvangi og þau voru látin falla, biðja stefnanda afsökunar bæði

opinberlega og skriflega, auk þess sem stefndu var boðið að bæta miska stefnanda og greiða lögmannskostnað hans. Var kröfu stefnanda svarað af hálfu stefndu með tölvubréfi 10. febrúar 2022 þar sem ásökunum stefnanda var hafnað og sömuleiðis greiðsluskyldu. Í kjölfarið var mál þetta höfðað.

7. Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnandi og stefnda aðilaskýrslur og gáfu skýrslur sem vitni unnusta stefnanda, C, og bróðir stefndu, D. Verður vísað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

8. Stefnandi bendir á að um ábyrgð stefndu á ummælunum fari eftir almennum reglum, enda séu hvorki hún né samfélagsmiðlar taldir til fjölmiðla. Þegar sérreglum um ábyrgð fjölmiðla á birtu efni sleppi gildi almennar reglur um refsí- og fébótaábyrgð sem geri ráð fyrir því að sá sem í hlut eigi hverju sinni beri sjálfur ábyrgð á athöfnum sínum, sbr. meginreglur refsiréttar og skaðabótaréttar. Stefnda hafi sent ummæli sín annars vegar gegnum samfélagsmiðilinn Instagram og hins vegar birt þau á stuðningssíðu fyrir þolendur ofbeldis á Facebook. Hún beri á þeim ábyrgð og sé réttur aðili að máli þessu, en dómstólar hafi lagt til grundvallar að einstaklingar beri ábyrgð á því sem þeir senda gegnum samfélagsmiðla. Jafnframt að þeir sem birti efni á t.d. Facebook beri persónulega ábyrgð á því eftir almennum reglum laga. Gildi slíkt hið sama þegar einstaklingur noti Instagram- eða Facebook-aðgang sinn til að setja inn fullyrðingar. Stefnda hafi ekki mótmælt því með beinum hætti að bera ábyrgð á ummælunum, þótt hún hafi hafnað bótaskyldu og því að hafa dreift upplýsingum nafnlaust um stefnanda.
9. Engu breyti um ábyrgð stefndu þótt þau ummæli sem sett hafi verið inn á Facebook-síðuna „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ hafi ekki verið undir nafni, enda sé ekkert sem þar er sett inn birt undir nafni. Ekki geti nokkur vafi leikið á því að stefnda hafi sett ummælin inn þar sem frásögnin sé í fyrstu persónu og um sömu eða sams konar ummæli sé að ræða og stefnda hafi sent unnustu stefnanda gegnum Instagram. Beri stefnda því við að þessi ummæli séu ekki hennar beri stefndu að sanna að svo sé ekki, enda séu yfirgnæfandi líkur á því. Hún sé meðlimur í hópnum og hafi áður viðhaft sömu ummæli og ásakanir í fyrstu persónu við unnustu stefnanda.
10. Stefnandi byggir á því að ummæli stefndu um stefnanda gegnum Instagram og á Facebook hafi verið röng og innihaldið grófar ærumeiðingar. Þau hafi verið til þess fallin að valda stefnanda álitshnekkni og með þeim hafi verið gróflega vegið að æru hans og persónu, enda hafi hann með þeim verið sakaður um alvarlega refsiverða háttsemi, sem sé ósönn. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi gerst brotleg gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ummælin hafi falið í sér ásakanir í garð stefnanda um ólögmdæta og siðferðislega ámælisverða háttsemi, auk þess að vera til þess fallin að verða stefnanda til stórfellds álitshnekkis persónulega og skaða persónu hans. Með ummælunum hafi stefnda einnig brotið gegn 236. gr. sömu laga, en stefnda hafi gegn betri vitund viðhaft ummælin um stefnanda.
11. Vegna ummæla þeirra sem ómerkingar sé krafist á í dómkröfu undir lið A.1 sé tekið fram að enginn vafi leiki á því að stefnda hafi ritað umrædd ummæli sem beinist að stefnanda. Ummælin feli í sér beina og ósanna ásökun. Feli þau í sér fullyrðingu um háttsemi sem varði við almenn hegningarlög, nánar tiltekið ákvæði 194. gr. þeirra, og eftir atvikum fleiri lög. Stefnandi byggir á því að með ummælunum hafi stefnda beinlínis fullyrt að stefnandi sé nauðgari, þ.e. að hann hafi nauðgað annarri manneskju og ekki það eingöngu, heldur átta ára gömlu barni. Þá sé fullyrt að stefnandi sé haldinn barnagirnd.
12. Auk þess að vera rangar og haldlausar séu framangreindar fullyrðingar sérstaklega meiðandi og undarlegar. Komi fram í fullyrðingum sem stefnda hafi birt á Facebook að hin meintu brot hafi átt sér stað fyrir [...] árum, þegar stefnandi hafi sjálfur verið barn að aldri. Ekki sé vísað til neinna annarra atvika heldur sé um eitt meint atvik að ræða. Af því hafi stefnda dregið þá ályktun að stefnandi sé haldinn barnagirnd og telji hún greinilega að stefnandi sé hættulegur börnum. Óskiljanlegt sé að stefnda skuli leyfa sér að draga slíkar ályktanir. Jafnvel þótt sannleikskorn væri í fullyrðingum hennar um kynferðisleg samskipti milli stefnanda og annars barns fyrir tæpum [...] áratugum, sem sé rangt og ósannað, hefði það atvik aldrei verið skilgreint sem nauðgun né heldur væri hægt að álykta um meinta barnagirnd út frá því. Hefði enda stefnandi verið ósakhæfur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga. Óþarfi

- sé hins vegar að hafa um það frekari vangaveltur þar sem fullyrðingar stefndu séu tilhæfulausar. Verði að líta svo á að það hafi verið ásetningur stefndu að skaða æru stefnanda að ósekju.
13. Í ummælum stefndu sé jafnframt að finna þá fullyrðingu að stefnandi hafi sóst eftir að vinna í kringum börn og verið rekinn eða látinn fara á þemur slíkum vinnustöðum. Hafi stefnda bætt við „miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið“. Þessar upplýsingar séu rangar og hafi stefnda með ummælum sínum haldið því fram að stefnandi sæktist eftir því að vinna með börnum og með því gefið í skyn að stefnandi sæktist eftir að komast í aðstöðu til að brjóta kynferðislega á börnum. Stefnandi hafi ekki sóst sérstaklega eftir að vinna með börnum. Hann hafi á undanförunum rúmum áratug tvívegis unnið með börnum. Í annað skiptið á leikskóla þar sem hann hafi sjálfur hætt vinnu og hitt skiptið á frístundaheimili, en ráðning hans þar hafi verið tímabundin og lokið að ráðningartíma loknum. Stefnandi hafi unnið margvísleg umönnunarstörf, alls staðar verið vel liðinn og aldrei verið rekinn eða gert að hætta störfum. Upplýsingar sem stefnda kveðist hafa um annað séu rangar og settar fram gegn betri vitund og hafi í ummælum hennar falist ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga sem sé til þess fallin að verða virðing stefnanda til hnekkis og skaða persónu hans.
 14. Ásakanir stefndu varði alvarleg afbrot sem fangelsisrefsing liggja við, séu meiðandi og með öllu tilhæfulausar. Fullyrðingar um nauðganir sem ekki eigi við rök að styðjast sæti ómerkingu, sbr. eftir atvikum dóm Hæstaréttar í máli nr. 215/2014. Ummælin varði við 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga sem ærumeiðandi aðdróttun, auk þess að vera að öðru leyti ærumeiðandi aðdróttanir og varði við 236. gr. sömu laga um útbreiðslu.
 15. Stefnandi byggði á sömu málsástæðum og áður greini vegna ummæla þeirra sem dómkrafa hans undir lið A.2 lúti að og birst hafi í Facebook-hópnum „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ 22. janúar 2022. Sé enda um efnislega eða orðrétt sömu ummæli að ræða og þau sem fjallað hafi verið um að framan og eigi því við sömu sjónarmið. Við ummæli sín á Instagram hafi stefnda bætt þeim upplýsingum að stefnandi hafi verið 12 ára þegar hin meinta nauðgun hafi átt að eiga sér stað og að barnavernd „vilji helst ekki skipta sér af“ því að stefnandi sé að vinna kringum börn, af því að engin kæra liggja fyrir á hendur honum. Í þessari færslu stefndu hafi jafnframt komið fram sá tilgangur hennar að tryggja að „engin önnur börn lendi í honum“, sem sé fráleit fullyrðing, ekki síst í ljósi þess að ásökun stefndu hafi falið í sér meint atvik sem hafi gerst fyrir [...] árum þegar stefnandi var sjálfur á barnsaldri. Séu greind ummæli ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir í skilningi 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga.
 16. Kröfu sína um ómerkingu byggði stefnandi á ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, en í ákvæðinu segi að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk krefjist sá þess sem misgert var við. Í 3. tl. 242. gr. laganna sé heimild til að gera slíka kröfu í einkamáli.
 17. Leiði framangreindar málsástæður, saman og einar og sér, til þess að ómerkja beri ummælin sem stefnda hafi viðhaft í skilaboðum á Instagram og á Facebook.
 18. Með ummælum sínum hafi stefnda einnig brotið gegn friðhelgi einkalífs og persónu stefnanda. Hún hafi sent unnustu stefnanda skilaboð með framangreindum upplýsingum og í færslu sinni á Facebook hafi hún birt fullt nafn stefnanda. Þá verði að ætla að stefnandi sé á lista yfir meinta barnaníðinga á Facebook síðunni fyrir tilverknað stefndu. Í þessu öllu, hverju um sig og saman, felist brot gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar sem kveði á um að hver maður eigi rétt á að njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og persónu. Hefðu meint atvik gerst hefði það engu að síður falið í sér slíkt brot enda væri þá um að ræða háttsemi 12 ára barns fyrir [...] árum. Stefnda hafi einnig brotið gegn ákvæðum persónuverndarlaga nr. 90/2018 og ákvæðum 228. og 229. gr. almennra hegningarlaga.
 19. Stefnandi geri þá kröfu að stefndu verði gert skylt að fjarlægja ummæli sín á Facebook-síðunni „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ sem þar séu fyrir tilverknað hennar, hún sé þar meðlimur og geti fjarlægt ummælin. Skaðlegt sé fyrir stefnanda að ummælin séu þarna inni og sé þess krafist að dagsektum verði beitt til að skylda stefndu til að fjarlægja ummælin, en þær séu hæfilegar 50.000 krónur fyrir hvern dag sem líði frá dómsuppsögu án þess að ummælin séu fjarlægð.
 20. Stefnandi byggði á því að með ummælum stefndu hafi með sérstaklega grófum hætti verið vegið að æru og persónu stefnanda. Ummælin hafi falið í sér ólögmeta meingerð gegn æru stefnanda, séu ósönn og feli í sér staðhæfingar um staðreyndir en ekki gildisdóma. Þau séu sérstaklega ósmekklegr og meiðandi

og til þess fallin að skaða persónu og mannorð stefnanda. Ummælin séu sérstaklega ófyrirleitin, enda hafi fullt nafn stefnanda verið birt og því dreift víða, auk þess sem honum hafi verið gefið að sök alvarlegt athæfi sem ekkert sé hæft í og stefnda hafi engar forsendur til að fullyrða um. Ummælin hafi valdið stefnanda mikilli vanlíðan og mannorðsmissi og geri hann því kröfu um 2.500.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum.

21. Með vísan til þeirra málsástæðna sem áður greini um ómerkingu ummæla krefjist stefnandi þess að stefnda verði dæmd til refsingar vegna ummælanna skv. 234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Við mat á hæfilegri refsingu stefndu telji stefnandi að horfa verði til einbeitts brotavilja stefndu sem viti að ummælin séu röng, til þess að stefnda reyndi að dreifa þeim sem víðast, auk annarra atriða sem rakin hafi verið.
22. Um heimild til að höfða einkarefsimál vísi stefnandi til 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga. Þá sé vísað til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttarins. Krafa stefnanda um vexti og dráttarvexti af miskabótakröfu sé byggð á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 4., 8. og 9. gr. laganna, en um dráttarvexti sé vísað til 1. mgr. 6. gr. laganna. Um upphafstíma vaxta sé vísað til þess að kröfubréf hafi verið sent stefndu 10. júní 2020 og beri krafan dráttarvexti 30 dögum frá dagsetningu bréfsins, sbr. 9. gr. laganna.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

23. Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda, enda séu skilyrði þeirra lagaákvæða sem stefnandi byggir á ekki uppfyllt í málinu, en hann beri sönnunarbyrði fyrir því að svo sé. Beri stefnandi jafnframt sönnunarbyrði fyrir þeim atvikum sem hann byggir á og þeirri huglægu afstöðu sem fullyrt sé að stefnda hafi haft. Loks beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir því að stefnda hafi verið í vondri trú um staðreyndir málsins og að hún hafi haft ásetning til að skaða æru stefnanda. Stefnda byggir á því að sönnun á framangreindu hafi ekki tekist í máli þessu.
24. Hvað einkaskilaboð í gegnum Instagram varði veki stefnda athygli á því að í stefnu hafi skilaboðin verið slitin í sundur og vanti þar inn í setningar. Ummæli hennar í skilaboðum til unnustu stefnanda hafi á engan hátt verið ólögmat, enda séu þau innan ramma þess tjáningarfrelsis sem stefndu sé tryggður í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram komi að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Sambærilegt ákvæði sé að finna í 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Tjáningarfrelsinu megi setja skorður séu þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum en strangar kröfur séu gerðar um að sýnt sé fram á að takmörkun tjáningarfrelsis sé nauðsynleg. Af hálfu stefnda sé á því byggt að enga nauðsyn beri til að takmarka tjáningarfrelsi hennar hvað varði ummæli í einkaskilaboðum á Instagram og séu engin skilyrði til þess að takmarka slíka tjáningu. Því skorti frumskilyrði takmörkunar tjáningar skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar um lagaboð. Engin opinber birting eða dreifing hafi átt sér stað og takmörkun tjáningar með þeim hætti sem hér átti sér stað brjóti gegn meðalhófi og sé varhugavert að takmarka heimildir einstaklinga til samtala sín á milli.
25. Sé umfjöllunarefni talið eiga ríkt erindi við og varða hagsmuni almennings fái tjáningarfrelsi meira vægi og sé ríkari tjáning heimiluð þótt hún sé til þess fallin, almennt séð, að skaða æru þess sem um er fjallað. Þá skipti einnig máli hvernig upplýsinga sé aflað, þær settar fram og hvernig birtingu þeirra og útbreiðslu sé háttáð. Stefnda byggir á því að ummæli hennar hafi átt ríkt erindi við unnustu stefnanda sem sé vinkona hennar. Þá stafi upplýsingarnar sem stefnda kom á framfæri frá bróður hennar. Um sé að ræða einkaskilaboð og hafi engin útbreiðsla eða birting átt sér stað.
26. Líta þurfi til þess hver tilgangur ummæla sé. Stefnda byggir á því að það hafi ekki verið ætlun hennar að koma höggi á stefnanda með ummælum sínum og sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að hún hafi haft þann ásetning að skaða æru stefnanda að ósekju. Það hafi ekki verið ásetningur stefndu að skaða æru stefnanda, en eins og fram komi berum orðum í skilaboðum stefndu hafi þau verið send í góðri trú og með það að markmiði að láta vita af sorglegu og alvarlegu máli er varði annars vegar bróður stefndu og hins vegar stefnanda. Í skilaboðunum segi: „Ég er ekki að senda þetta á þig til að eyðileggja eitthvað fyrir þér eða vera leiðinleg en ég vil að þú vitir hvernig maður þetta er. Ég veit að

- ef ég væri með manni sem væri með barnagirnd eða nauðgari að þá myndi ég vilja vita af því. Ég vona að þú takir þessu ekki illa og verðir ekki pirruð úti mig fyrir að láta þig vita af þessu.“ Hafi stefnda þannig fremur borið hagsmuni vinkonu sinnar fyrir brjosti en að reyna skaða mannorð stefnanda. Þá vísi stefnda einnig til þess að ummælin tengjast bróður hennar og verði að hafa það í huga þegar lítið sé til þess hvort ummælin séu sett fram með það markmið að meiða æru stefnanda.
27. Stefnda byggji á því að staðhæfingar sem settar hafi verið fram í umræddum ummælum séu réttar og hafi hún verið í góðri trú er þau hafi verið sett fram. Verði talið að ummælin feli í sér staðhæfingar sem stefndu beri að sanna séu ummælin engu að síður lögmæt. Telji stefnda að hún hafi haft réttmætt tilefni til ummællanna miðað við þær upplýsingar sem hún hafði. Byggi stefnda á því að ummælin hafi þannig a.m.k. verið látin falla í góðri trú um málsatvik, enda hafi hún byggt þau á upplýsingum frá bróður sínum sem hún trúi og hafa enga ástæðu til að ætla að séu ósannar. Hér eigi því við sjónarmið um góða trú, hvort sem ummæli hennar verði talin gildisdómur eða staðhæfing um staðreyndir.
 28. Þá byggji stefnda á því að hún hafi hvorki borið út né birt ummælin opinberlega, enda sé um að ræða einkaskilaboð í gegnum samskiptaforritið Instagram. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að ummælin hafi verið borin út eða birt opinberlega en engin gögn hafi verið lögð fram þess efnis.
 29. Í stefnu komi fram varðandi ummæli stefndu í einkaskilaboðum að stefnandi telji afstöðu stefndu benda til þess að einstaklingar sem uppvísir verði að kynferðislegum samskiptum á barnsaldri hljóti að vera haldnir barnagirnd og að vara verði við þeim opinberlega. Áréttu skuli að einkaskilaboð milli tveggja einstaklinga geti ekki talist opinber. Jafnframt skuli áréttu að varað sé við stefnanda í færslunni á Facebook en ekki í einkaskilaboðunum.
 30. Ekki einungis þurfi að líta til tilgangs ummæla heldur einnig til áhrifa þeirra. Einkaskilaboðin hafi ekki farið í dreifingu. Þá veki stefnda sérstaka athygli á því að einkaskilaboðin hafi verið send 28. ágúst 2021 en stefnandi ekkert aðhafst fyrr en færsla birtist í janúar 2022 á Facebook sem hann vilji meina að stafi frá stefndu. Skömmu síðar hafi stefndu borist kröfubréf og telji stefnda það nokkuð ljóst að kröfubréfið og mál þetta sé tilkomið vegna ummæla er birtust á umræddum vettvangi á Facebook-hópnum, en ekki vegna einkaskilaboða milli stefndu og unnustu stefnanda.
 31. Stefnda byggji á því að ekki séu uppfyllt skilyrði til þess að ómerkja ummælin á Instagram skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og stefnandi krefjist. Samkvæmt almennum reglum um réttarfarar beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði þeirra lagaákvæða sem dómkrafa er byggð á séu uppfyllt. Ummæli stefndu hafi verið í einkaskilaboðum milli tveggja einstaklinga og sé vandséð hvernig hægt væri að fallast á ómerkingu ummæla á slíkum vettvangi sem hvorki voru birt á opinberum vettvangi né fóru í dreifingu. Því sé óumflýjanlegt að sýkna stefndu af þessari kröfu stefnanda.
 32. Stefnda krefjist aðallega sýknu af kröfu um miskabætur á þeim grundvelli að skilyrði bótaábyrgðar skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki uppfyllt, en til vara sé krafist lækkunar á stefnufjárhæð. Byggi stefnda á áðurgreindum málsástæðum, eins og þær eigi við. Þá byggji stefnda á því að skilyrði bóta um saknæmi og ólögmati séu ekki uppfyllt, auk þess sem miski stefnanda sé með öllu ósannaður og vanreifður. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á meintan miska stefnanda, á rökstuðning skorti fyrir miska í stefnu og sé krafan því vanreifð og ómögulegt að taka hana til greina.
 33. Í stefnu byggji stefnandi á því að umrædd ummæli séu sérstaklega ófyrirleitin, enda hafi fullt nafn stefnanda verið birt og ummælunum dreift víða. Þessari fullyrðingu stefnanda sé mótmælt af hálfu stefndu enda hafi ummælin verið viðhöfð í einkaskilaboðum og því rangt að þau hafi verið birt eða þeim dreift. Þá sé nafn stefnanda hvergi að finna í umræddum skilaboðum. Rökstuðningur stefnanda fyrir miskabótakröfu virðist þannig beinast fyrst og fremst að færslu á Facebook en sem fyrr segi hafi stefnda ekki birt þá færslu.
 34. Stefnandi byggji miskabótakröfu sína á b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en samkvæmt ákvæðinu sé skilyrði bóta að ásetningur eða stórfellt gáleysi liggja á bak við háttsemina. Enginn ásetningur hafi verið hjá stefndu til að meiða æru stefnanda með ummælum sínum í einkaskilaboðum til unnusta hans. Stefndu hefði verið í lófa lagið að birta slík ummæli á opinberum vettvangi ef ætlun hennar hefði verið

- að skaða mannorð stefnanda. Hafi verið um að ræða einkaskilaboð með það að markmiði að láta vinkonu stefndu vita af alvarlegu og sorglegu máli tengdu bróður stefndu.
35. Stefnda hafni því að hafa framið ólögmeta meingerð gegn stefnanda og byggi á því að ummæli hennar í einkaskilaboðunum hafi hvorki brotið gegn ákvæðum 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga né öðrum lagaákvæðum. Stefnandi hafi ekki leitt að því líkur að ummæli stefndu í einkaskilaboðunum hafi skaðað hagsmunum hans á einhvern hátt. Þótt stefnandi byggi á því að ummælin hafi valdið honum mikilli vanlíðan og mannorðsmissi hafi engin gögn verið lögð fram þar að lútandi og stefnandi með engu móti sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna ummæla stefnanda í einkaskilaboðunum né að þau hafi meitt æru hans. Því beri að sýkna stefnda af miskabótakröfu í máli þessu.
 36. Loks byggi stefnda á því að verði fallist á kröfu um greiðslu miskabóta sé krafa stefnanda langt fram úr hófi og í engu samræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum.
 37. Stefnda krefjist sýknu af kröfum stefnanda um refsingu. Byggi hún á þeim málsástæðum sem áður séu raktar að svo miklu leyti sem þær eigi við og telji stefnda sig ekki hafa brotið gegn 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga. Árétti stefnda að ummælin í einkaskilaboðunum hafi hvorki verið borin út né birt opinberlega. Byggi ummæli stefndu á einlægri og trúverðugri frásögn bróður hennar um að stefnandi hafi nauðgað sér.
 38. Jafnframt byggi stefnda á því að refsikrafa stefnanda sé haldin verulegum annmörkum. Stefnandi rökstyðji kröfu sína um refsingu ekki að öðru leyti en með tilvísun til ómerkingarkröfu sinnar. Ekki verði betur séð en að refsikrafan sé valkvæð, en vísað sé til 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi heimfæri þannig ekki háttsemina sem hann krefjist refsingar fyrir til þeirra lagaákvæða sem hann tilgreini í dómkröfu sinni og geri engan greinarmun á því hvort í háttseminni felist móðgun eða aðdróttun. Því verði ekki séð að krafan sé þannig úr garði gerð að unnt sé að leggja á hana dóm.
 39. Ásetningur sé saknæmisskilyrði samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Byggi stefnda á því að ekki séu skilyrði til að dæma hana til refsingar nema stefnandi beinlínis sýni fram á ásetning til þess að meiða æru stefnanda, en fyrir því beri hann sönnunarbyrði.
 40. Verði fallist á að ummæli stefndu feli í sér refsiverða háttsemi sé þess krafist að refsing stefndu verði felld niður. Stefnda hafi aldrei áður gerst sek um refsiverða háttsemi, hún hafi verið rúmlega tvítug þegar hún sendi umrædd skilaboð, verið í góðri trú og haft göfugan tilgang í huga með skilaboðunum. Því sé fullt tilefni til að nýta heimild 239. gr. almennra hegningarlaga til að fella niður refsingu stefndu.
 41. Enn fremur verði að hafa til hliðsjónar ákvæði 1.–8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og þá einkum 4. og 7. tl., stefndu til málsbóta. Jafnframt vísi stefnda til ákvæða 4. tl. 74. gr. og 75. gr. laganna, en sem fyrr segi varði ummælin meintan nauðgara bróður stefndu. Þannig séu öll efni til að fresta ákvörðun refsingar stefndu skilorðsbundið, sbr. a-lið 1. mgr. 57. gr. laganna. Loks vísi stefnda til þess að þrátt fyrir að heimilt sé að dæma refsingu á grundvelli tilvitnaðra ákvæða stríði það gegn dómaförðæmum Hæstaréttar í nýlegum málum.
 42. Stefnda hafni því alfarið að hafa birt ummæli þau er birt voru í Facebook hópnum „Stuðningur fyrir þolendur ofbeldis“ í janúar 2022. Óumdeilt sé að ummælin hafi verið sett fram nafnlaust. Stefnandi byggi á því að stefnda standi á bak við umrædd ummæli og vísi til þess að um sömu eða sams konar ummæli sé að ræða og stefnda sendi í einkaskilaboðum til unnustu stefnanda í gegnum Instagram. Þessari staðhæfingu stefnanda sé alfarið hafnað sem rangri og ósannaðri. Í stefnu sé á því byggt að yfirgnæfandi líkur séu á að ummælin á Facebook stafi frá stefndu með vísan til þess að hún sé meðlimur í umræddum Facebook-hóp. Af skjáskoti því sem fyrir liggir af færslunni megi álykta að 1.200 meðlimir hafi verið í umræddum hóp þegar skjáskotið var tekið. Um fjölmennan hóp sé að ræða og langt í frá hægt að draga ályktun þá er stefnandi geri út frá því að stefnda hafi verið meðlimur hópsins.
 43. Tilvísun stefnanda til þess að stefndu beri að sanna að ummælin stafi ekki frá henni sé í algjörrri andstöðu við þá meginreglu einkamálaréttarfars að sá sem haldi fram staðhæfingu um ákveðin atriði beri sönnunarbyrði fyrir henni, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sanni staðhæfingu stefnanda um að ummælin á Facebook-hópnum séu frá stefndu. Stefnandi virðist draga þá ályktun að þessi ummæli stafi frá stefndu af því einu að um sams

konar ummæli sé að ræða. Aftur á móti sé nokkuð ljóst þegar ummælin á Instagram og Facebook séu borin saman að það sé á engan veg hægt að draga þá ályktun að þau séu það keimlík að þau stafi frá sömu manneskjunn. Í Instagram-skilaboðunum sé talað um þrjár barnagæslur en í Facebook-færslunni sé talað um leikskóla, frístund eftir skóla og [...]. Þá sé færslan á Facebook með öðrum upplýsingum en einkaskilaboðin. Megi þar helst nefna að tekið sé fram að stefnandi hafi verið 12 ára þegar atvikið kom upp og að málið hafi aldrei verið kært. Vitaskuld séu ummæli sams konar varði þau sömu málsatvik, hvort sem um sé að ræða orðróm, sögusagnir eða staðhæfingu um staðreyndir.

44. Jafnframt sé vakin athygli á því að einkaskilaboðin á Instagram hafi verið send 28. ágúst 2021 en færslan á Facebook verið birt í janúar 2022, fimm mánuðum síðar. Orðalag og upplýsingar sem fram komi í þessum tveimur færslum séu ekki þær sömu. Umrædd færsla stafi ekki frá stefndu og engin gögn sýni fram á hið gagnstæða. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda hvað varði umrædd ummæli.
45. Loks mótmæli stefnda því sérstaklega að hún hafi brotið gegn friðhelgi einkalífs og persónu stefnanda með vísan til þess er framan greinir.
46. Stefnda mótmæli öllum kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti, enda eigi hann ekki kröfu á hendur stefndu, auk þess sem krafan sé vanreifðuð. Eigi það við um hvort tveggja upphafstíma og tegund vaxta.

Niðurstæða

47. Í máli þessu krefst stefnandi ómerklingar ummæla sem hann telur stefndu bera ábyrgð á, miskabóta vegna þeirra og þess að stefnda verði dæmd til refsingar. Annars vegar er um að ræða ummæli stefndu í skilaboðum sem send voru í gegnum samfélagsmiðilinn Instagram til unnustu stefnanda 28. ágúst 2021 en hins vegar ummæli sem voru látin falla í lokuðum hóp á samfélagsmiðlinum Facebook 22. janúar 2022, og krefst stefnandi þess að þau ummæli verði fjarlægð af þeim vettvangi að viðlögðum dagsektum. Óumdeilt er að stefnda sendi þau einkaskilaboð sem um ræðir en hún neitar því að bera ábyrgð á þeim ummælum sem birtust nafnlaust á Facebook.
48. Hvað varðar einkaskilaboð þau sem stefnda sendi unnustu stefnanda byggir stefnandi á því að þau séu röng og innihaldi grófar ærumeiðingar, hafi verið til þess fallin að valda honum álitshnekki og að með þeim hafi verið gróflega vegið að æru hans og persónu, enda hafi hann verið sakaður um alvarlega refsiverða háttsemi. Með þessu telur stefnandi stefndu hafa brotið gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk 236. gr. sömu laga þar sem stefnda hafi gegn betri vitund viðhaft ummælin um stefnanda. Brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda með ummælum þeim sem viðhöfð voru í skilaboðunum. Stefnda aftur á móti byggir á því að enga nauðsyn beri til að takmarka tjáningarfrelsi hennar hvað varði ummæli í einkaskilaboðum á Instagram og brjóti takmörkun þeirrar tjáningar gegn meðalhófi, enda hafi engin opinber birting eða dreifing átt sér stað. Tilgangur skilaboðanna hafi ekki verið að koma höggi á stefnanda heldur hafi efni þeirra átt ríkt erindi við unnustu stefnanda sem sé vinkona hennar. Upplýsingarnar í skilaboðum stefndu komi frá bróður hennar sem hún hafi trúað og hafi hún sent skilaboðin í góðri trú. Þá séu ekki skilyrði til að ómerkja ummæli í einkaskilaboðum skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, en vandséð sé hvernig hægt sé að fallast á ómerklingu ummæla sem hvorki hafi verið birt á opinberum vettvangi né verið dreift.
49. Í málum sem þessum vegast á þau stjórnarskrárvernduðu réttindi sem felast í friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar annars vegar og í tjáningarfrelsi skv. 73. gr. hennar hins vegar. Þau réttindi eru skýrð með hliðsjón af 8. og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, auk þess sem litið er til framkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu við úrlausn þess hvort takmörkun á tjáningarfrelsi vegna einkalífs annarra teljist nauðsynleg og samrýmist Lýðræðishefðum skv. 2. mgr. 10. gr. mannréttinasáttmálans, sbr. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Vísast hér til nýlegra dóma Landsréttar frá 9. desember 2022 í máli nr. 606/2021 og frá 3. febrúar 2023 í máli nr. 724/2021. Verður og af dómaframkvæmd ráðið að meta þurfi heildstætt þau ummæli sem um ræði hverju sinni.
50. Efni einkaskilaboðanna sem stefnda sendi unnustu stefnanda eru tvímælalaust til þess fallin að skaða æru stefnanda enda er þar með þrennum ummælum staðhæft að stefnandi hafi gerst sekur um að nauðga

barni, látið að því liggja að hann sé haldinn barnagirnd og í þessu samhengi sækist hann eftir því að vinna með börn, en úr slíkum störfum hafi hann verið rekinn/látinn fara. Stefnandi krefst ómerkingar ummælanna og stendur það ekki í vegi þess að þau hafi verið viðhöfð í einkaskilaboðum, enda verður að líta á þau með sama hætti og ummæli sem t.d. eru viðhöfð í tölvupósti, sbr. greindan dóm Landsréttar í máli nr. 724/2021 þar sem það var tekið til efnislegrar úrlausnar án athugasemda hvort ummæli á þeim vettvangi skyldu ómerkt.

51. Í greindum dómi Landsréttar í máli nr. 724/2021 er tekið fram að 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar sé því ekki til fyrirstöðu að ómerkt séu ósönn ummæli sem sett eru fram af engu tilefni og í vondri trú. Dómurinn tekur þó jafnframt fram að ærumeiðandi staðhæfingar um staðreyndir njóti í sumum tilvikum verndar tjáningarfrelsis, þannig að ekki komi til takmörkunar þeirra, jafnvel þótt þær séu ósannaðar, teljist þær réttlætanager miðað við aðstæður. Í þeim efnun komi m.a. til sjónarmið um góða trú þess sem tjáir sig og að við mat á því hvort takmörkun ummæla teljist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi skipti tilgangur ummæla máli, auk þess sem líta verði til hins breiðara samhengis þeirra. Hér er einnig rétt að vísa til þess að í fyrrnefndum dómi Landsréttar í máli nr. 606/2021 er fjallað um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 7. nóvember 2017 í máli nr. 24703/15, Egill Einarsson gegn Íslandi, og tekið fram að hvort sem um sé að ræða gildisdóma eða staðhæfingar um staðreyndir verði í málum sem þessum að leggja mat á það, á grundvelli sjónarmiða um meðalhóf, hvort tjáningarfrelsi verði takmarkað í þágu friðhelgi einkalífs. Í því sambandi verði m.a. litið til þess að hverjum ummæli beinist, hvert viðfangsefni þeirra er, hvernig upplýsinga, sem lágu til grundvallar ummælunum, var aflað og hvort þær voru áreiðanlegar, til innihalds og framsetningar ummælanna, sem og þess hverjar afleiðingar þeirra voru.
52. Fyrir dóminn komu aðilar málsins auk unnustu stefnanda og bróður stefndu. Bar aðilum og bróður stefndu saman um að þau hefðu öll þekkt frá barnæsku og á þeim tíma verið samgangur á milli þeirra þótt svo hefði ekki verið um lengri tíma. Bróðir stefndu bar fyrir dómi að ummæli stefndu væru rétt, hann væri brotapolí stefnanda og hefði verið um nauðgun að ræða sem vitnið hefði farið að muna þegar hann hefði lent í áfalli síðar. Hefði hann þá greint foreldrum sínum og systur frá atvikinu, auk fjölskyldu, en það hefði ekki verið kært eða tilkynnt. Stefnandi bar harðlega á móti því að ummælin ættu sér nokkra stoð í raunveruleikanum og er ljóst að hér stendur orð á móti orði. Verður að líta svo á að með ummælum sínum um að stefnandi hafi nauðgað barni hafi stefnda haft uppi staðhæfingu um staðreynd sem er ósönnuð og fólst í henni aðdróttun um refsiverða háttsemi. Eru þessi ummæli alvarlegust þeirra þrenna sem krafist er ómerkingar á í þessum hluta málsins en hin tvenn tengjast þeim.
53. Þótt 8. gr. mannréttindasáttmálans geri það að verkum að enginn eigi að þurfa að þola ásökun um brot af því tagi sem hér um ræðir án nægilegs staðreyndagrundvallar, sbr. ummæli þar um í dómi Landsréttar í máli nr. 606/2021, geta ósannaðar og ærumeiðandi staðhæfingar um staðreyndir notið verndar tjáningarfrelsis teljist þær réttlætanager miðað við aðstæður, sbr. ummæli í dómi Landsréttar í máli nr. 724/2021. Í máli þessu verður að líta til þess að stefnda setti fram hin umdeildu ummæli í einkaskilaboðum til konu sem hún taldi vinkonu sína, en sú staðfesti fyrir dómnum að þær hefðu verið „kunningjavinkonur“ í gegnum tengsl við aðra manneskju. Var sérstaklega tekið fram í skilaboðunum að það væri ekki markmið stefndu með þeim að eyðileggja fyrir unnustu stefnanda og verður ekki annað lesið úr skilaboðunum en að tilgangur stefndu hafi verið að upplýsa unnustu stefnanda, sem henni var umhugað um, um það sem hún taldi satt og rétt. Liggur og ljóst fyrir að stefnda byggði upplýsingar þær sem hún taldi sig búa yfir á frásögn bróður síns um hans upplifun, sem hann staðfesti fyrir dómi. Er að mati dómsins ekki hægt að telja stefnda hafa verið í vondri trú um sannleiksgildi ummælanna, sem hún setti ekki fram að tilefnislausu heldur í réttmætum tilgangi í einkaskilaboðum ætluðum viðtakanda einum. Þegar þetta er virt í heild sinni verður ekki talið að nauðsyn beri til þess í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka tjáningu stefndu eftir á með þeim hætti sem krafist er. Verður enda að gjalda varhug almennt við því að takmarka tjáningu á óopinberum vettvangi tveggja einstaklinga á milli í lýðræðisþjóðfélagi og hlýtur mikið að þurfa til að koma til að svo verði gert. Eru atvik m.a. að þessu leyti ólík þeim sem uppi voru í máli því sem lauk með títtnefndum dómi Landsréttar

í máli nr. 606/2021 þar sem umdeild ummæli voru sett fram á stærri vettvangi, því þótt um lokaðan hóp á Facebook hafi þar verið að ræða má, eins og rétturinn tók fram, ávallt búast við frekari dreifingu ummæla sem sett eru fram á alnetinu.

54. Önnur þau ummæli sem stefnda lét falla í einkaskilaboðunum voru tengd þeim fyrri sem dómurinn telur ekki nauðsyn til að takmarka frelsi til tjáningar um í lýðræðisríki. Í ljósi þessa, svo og vegna þess að þau ummæli voru ekki eins afgerandi og meiðandi og hin fyrri, auk þess sem þau voru sett fram í einkaskilaboðum, telur dómurinn það sama eiga við um þau, þ.e. að þau rúmist innan tjáningarfrelsis stefndu. Þannig fólu ummæli stefndu um að hún myndi vilja vita af því væri hún með manni sem væri haldinn barnagirnd eða nauðgari í sér gildisdóm hennar byggðan á fyrri ummælum og eru ekki efni til að takmarka þá tjáningu umfram þá sem þegar hefur verið komist að niðurstöðu um. Er ekki heldur tilefni til ómerkingar ummæla þeirra sem stefnda lét falla um að stefnandi sæktist í að vinna í kringum börn og hvar hann hefði starfað, en stefnda bar fyrir dómi að hún hefði með ýmsum hætti öðlast vitneskju um hvar stefnandi hefði unnið í gegnum tíðina og hefðu starfsmenn frá tveimur þeirra vinnustaða sagt sér að stefnandi hefði verið látinn fara. Ummæli hennar verður að skoða í því samhengi sem þau voru sett fram og voru þau ekki úr lausu lofti gripin auk þess að vera ekki til þess fallin í sama mæli og þau fyrri til að meiða æru stefnanda.
55. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að með ummælum sínum í einkaskilaboðum til unnustu stefnanda hafi stefnda ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns sem varið er af 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, og því ekki rofið friðhelgi einkalífs stefnanda sem varið er af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttinasáttmálans. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnanda um ómerkingu ummælanna, enda falla þau þá ekki undir tilvitnuð ákvæði almennra hegningarlaga. Að þeirri niðurstöðu fenginni er hvorki grundvöllur til að dæma stefnanda miskabætur vegna ólögætrar meingerðar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, né til að dæma stefndu til refsingar. Til þess seinna væru raunar ekki skilyrði þar sem einkaskilaboðin voru send 28. ágúst 2021 en mál þetta var ekki höfðað fyrir en 5. apríl 2022, að liðnum 6 mánaða málshöfðunarfresti skv. 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga. Verður stefnda því einnig sýknuð af þeim kröfum stefnanda.
56. Stefnandi rökstyður ábyrgð stefndu vegna ummæla þeirra sem birtust á Facebook með því að þau ummæli séu efnislega þau hin sömu og hún hafi látið falla í einkaskilaboðunum á Instagram við unnustu stefnanda nokkru áður, auk þess sem frásögnin sé í fyrstu persónu og stefnda sé meðlimur í hópnum sem ummælin hafi birst í. Séu því svo miklar líkur á að stefnda beri á þeim ábyrgð að henni beri að sanna að svo sé ekki. Á það er ekki hægt að fallast. Sá sem heldur fram staðhæfingu um umdeild atvik ber jafnan sönnunarbyrði fyrir þeim gegn andmælum gagnaðila. Stefnanda neitar staðfastlega að standa að baki þeirri færslu sem birtist nafnlaust í lokuðum hópi á Facebook. Stefnandi bar fyrir dóminum að hann teldi stefndu hafa birt færsluna en tók jafnframt fram að hann væri þess þó ekki fullviss. Unnusta hans bar fyrir dómi að sig hefði grunað að stefnda væri að baki færslunni á Facebook, um svipuð ummæli væri að ræða og henni hefðu borist í einkaskilaboðum og hefði hún séð að stefnda hefði verið nýbúin að skrá sig í hópinn á Facebook þegar færslan birtist. Er ljóst af framburði þeirra tveggja að um kenningu þeirra er að ræða sem gegn andmælum stefndu og án frekari gagna verður að telja ósannaða. Hefur ekki heldur verið sýnt fram á að stefnda ein hafi haft vitneskju um þau atvik sem í færslunni var greint frá, en eins og áður segir bar bróðir hennar fyrir dómi að hann hefði ekki einungis sagt henni frá því atviki sem stefnda lýsti í einkaskilaboðum til unnustu stefnanda heldur einnig föður sínum og móður, svo og fjölskyldu. Þá bar stefnda að hún hefði sagt öðrum frá reynslu bróður síns en þó ekki endilega að þar hefði stefnandi átt þátt að máli. Hallann af framangreindum sönnunarskortum ber stefnandi og hefur honum ekki tekist að velta sönnunarbyrðinni yfir á stefndu. Verður stefnda af þessum sökum einnig sýknuð af öllum kröfum stefnanda tengdum færslu sem birtist á Facebook 22. janúar 2022.
57. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu um sýknu stefndu verður hvor aðili um sig látinn bera sinn kostnað af málinu, enda lítur dómurinn svo á að í því hafi verið uppi veruleg vafaatriði í skilningi 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

58. Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður og af hálfu stefndu flutti málið Kristján Á. Flygenring lögmaður.
59. Nanna Magnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, en hvorki dómari né lögmenn af hálfu aðila töldu þörf á endurflutningi málsins.

Dómsorð:

Stefnda, B, er sýknuð af öllum kröfum stefnanda, A.
Málkostnaður fellur niður.